

## Bygging Listaháskóla Íslands.

### Greinargerð með tillögu

Vegna væntanlegrar samvinnu starfsmanna Borgarskipulags við höfunda 1. verðlaunatillögu um Listaháskóla Íslands er rétt að eftirfarandi sé haft í huga:

Leitast skal við eftir föngum við að koma skólanum fyrir á umræddum reit, samtímis því að ekki verði hvikað frá varðveisla húsanna nr. 41, 43 og 45 við Laugaveg. Öll húsin eru mikilvægur hluti götummyndar Laugavegarins. Húsið nr. 43 er reisulegt steinhlaðið hús frá 1919 sem skv. gildandi skipulagi á að standa. Það kallast óneitanlega á við húsin nr. 42 og 44 hinum megin götunnar.

Samkeppnin sýnir fram á að þetta er hægt, en nokkrar tillagnanna sýndu fram á það og var sumum hrósað af dómnefnd fyrir fínlegan mælikvarða og góða innbyrðis lausn.

Allar tillögur fara hins vegar langt fram úr skipulagskilmálum hvað varðar fermetrafjölda og hæðir og væri hægt að leiða getum að því dreifa þyrfti byggingarmagninu um fleiri reiti.

Verðlaunatillagan virðist ganga gegn áherslum borgaryfirvalda um að “viðhalda sögulegu umhverfi og sérkennum Laugavegar sem mikilvægum þætti í að auka aðdráttarafll hans” (Keppnislýsing, kafli 2.3, Umhverfi og samhengi). Í sama kafla kemur einnig fram að “nýbyggingar í miðbænum ber að hanna af næmni og tillitssemi við umhverfið þannig að ný byggð beri ekki ofurliði þann fínlega mælikvarða sem fyrir er”. Þá er einnig vakin athygli á bókun skipulagsráðs frá 28. júní 2006 sem er svohljóðandi: “Ráðið leggur einnig áherslu á að lóðarhafar athugi sérstaklega útlit húsa við Laugaveg 41 og 45 og skoði möguleika á að leyfa upphaflegri götummynd að halda sér.

Ekkert af þessum markmiðum virðast hafa verið haft í heiðri við hönnun ytra borðs verðlaunatillögunnar þrátt fyrir glæsilegt innra skipulag og sömuleiðis virðist dómnefndin hafa verið sömu skoðunar að ekki hafi verið ástæða til að verðlauna þær tillögur sem höfðu framangreint að markmiði. Meðal þeirra var tillaga sem hlaut 2. verðlaun. Í dómnefndaráli er henni aðallega lagt til lasts að hún móti skólanum ekki skýra sérstöðu, þ.e. blasi ekki nægilega við Laugaveginum, enda er aðalinngangur hennar frá Hverfisgötu.

Ef ekki er vilji höfunda eða forráðamanna skólans til að verða við óskum um varðveislu götummyndarinnar við endurskoðun 1. verðlaunatillögunnar, ber að líta til 2. verðlaunatillögunnar eða annarra þar sem orðið er við þessum kröfum.

Það hlýtur að vera eitt af hlutverkum Listaháskóla Íslands að standa vörð um byggingararfleifðina og ganga þar á undan með góðu fordæmi. Annað væri óvirðing við minningu Harðar Ágústssonar fyrrum skólustjóra Myndlista- og handíðaskóla Íslands en hann helgaði líf sitt varðveislu byggingararfsins.

27. ágúst 2008, Magnús Skúlason